

Sp. 729. Tillaga til þingsályktunar
um framkvæmd póstmála.

(Eftir fyrri umr.).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta, eftir því sem við verður komið, framkvæma frá næstu áramótum breytingar þær á póstsamgöngum, sem felast í tillögum milliþinganefndar í póstmálum. Skal framkvæmdum haga þannig, að nýjum fjárframlögum sé varið fyrst og fremst til að bæta úr póstsamgöngum í þeim héruðum, sem nú búa við lakastar póstsamgöngur.